


# Flateyri

## Uppfærsla á menntun í takt við tækniþróun



**19. september 2016**

Staðan tekin á Grunnskóla Önundarfjarðar.



Fókussinn í þessari ferð var að taka stöðuna á bæði spjaldtölvumálum og innleiðingu á forritun auk þess að taka púlsinn á nýjum skólastjóra. Skólinn setti sér einnig markmið og fókus með notkun spjaldtölva í skólanum.

**1**

### SKÖPUN

Efla sköpun og skapandi hugsun í námi með notkun á spjaldtölvunum.

MARKMIÐ

FÓKUS

**2**

### HREYFANLEIKI

Nýta hreyfanleika spjaldsins til að auka fjölbreytileika í námi.

Ósk kennara um vinnustofur



Garageband



Pages



iMovie

## Staðan - Spjaldtölvur

Farið var yfir stöðuna á notkun spjaldtölva í skólanum með kennurum og nemendum.

Starfsfólkið var mjög áhugasamt um framþróun og að fá stuðning við að stíga næstu skref. Skólastjórinn er nýr og því tókum við saman yfirferð yfir grunnnámskeið um iPad áður en umræða hófst með kennurum um hvaða markmið og fókus skólinn vildi hafa að leiðarljósi í spjaldtölvuinnleiðingunni.



## Yfirlit yfir nemendur og tæki

### Sköpun & Hreyfanleiki

Skólinn hefur verið að vinna mikið með verkefni sem snúa að upplýsingaöflun og framsetningu - líkt og verkefnið um snjóflóðið á Flateyri 1995. Þau vilja halda áfram á þeirri braut og nýta hreyfanleika tækisins í slíka vinnu og efla færni í sköpun og nýtingu á tækinu til skapandi framsetningar.

Sköpun og hreyfanleiki varð því sett sem markmið og fókus fyrir Grunnskólann.

|          | #Nem | iPad-ar                                                 |
|----------|------|---------------------------------------------------------|
| 9.bekkur | 3    | 1:1 (hver með sinn iPad)<br>Hver með sitt eigið appleID |
| 7.bekkur | 4    | Nota sameign (6 stk)<br>Tillaga = 4 nýjir iPadar        |
| 6.bekkur | 3    | Nota sameign (6 stk)                                    |
| 5.bekkur | 1    | Nota sameign (6 stk)                                    |
| 4.bekkur | 1    | Nota sameign (6 stk)                                    |
| 3.bekkur | 1    | Nota sameign (6 stk)                                    |
| 2.bekkur | 4    | Nota sameign (6 stk)                                    |
| 1.bekkur | 2    | Nota sameign (6 stk)                                    |

### TILLAGA

Í 7.bekk eru 4 nemendur og 3 af þeim með greiningar; ADD, ADHD og Lesblinda.

Það þarf því sérstaklega einstaklingsmiðað nám fyrir þessa nemendur og getur 1:1 iPad aðstoðað verulega þar.

Ég myndi því mæla með að skólinn tæki inn 4 auka iPada eyrnamerkta nemendum í 7.bekk.

indarfjórðar  
ræyri

### Stundatafla 2016-2017

| Mánudagur     | Þriðjudagur | Miðvikudagur  | Fimmtudagur | Föstudagur |
|---------------|-------------|---------------|-------------|------------|
| 1-4           | 1-4         | 1-4           | 1-4         | 1-4        |
| 5-9           | 5-9         | 5-9           | 5-9         | 5-9        |
| Stæ           | Stæ         | Dans          | Stæ         | Stæ        |
| Stæ           | Stæ         | Lífaleikni    | Stæ         | Nát        |
| Lisa          | Grétar      | Dans          | Stæ         | Nát        |
| Sam           | Stæ         | Dans          | Nát         | Stæ        |
| Sam           | Stæ         | Dans          | Nát         | Stæ        |
| Lisa          | Grétar      | Dans          | Nát         | Stæ        |
| Isl (UB)      | Ens         | Sam           | Stæ         | Stæ        |
| M             | A           | T             | U           | R          |
| Isl           | Tólvur      | Danska        | Val         | Stæ        |
| Listir (7-9.) | Nát         | Sam           | Stæ         | Stæ        |
| Listir (7-9.) |             | Sam           | Stæ         | Stæ        |
|               |             | Kennarafundur | Stæ         | Stæ        |
|               |             |               | Stæ         | Stæ        |
| Eva           | Edda        | Grétar        | Munda       | Sam        |
| 4             | 24          | 6             | 23          | 17         |

## Framundan

Hver eru næstu skref og hvað þarf að hafa í huga!

Skólinn hefur verið að byrja að nýta sér verkefnaskil í gegnum Mentor og um að gera að nýta sér þá nýjung og efla hana enn frekar. Það er því ekki þörf á að skipta yfir í kerfi líkt og Showbie að svo stöddu.

### Verkefnaskil = Mentor

Við förum aðeins yfir skýjalausnir og hvort skólinn væri að nýta sér eitthvað slíkt. Það er ekki verið að nýta skýjið markvisst og það væri gott að setja upp sameiginlega stefnu og val um skýjalausn fyrir Ísafjarðarbæ í heild sinni.

Skólinn var brautryðjandi í notkun á **Mistery Skype** og ætlar hún Edda að taka yfir því verkefni og koma því af stað aftur. Frábært verkefni sem vert er að halda við.



Nota Mentor til að skila verkefnum



Mistery Skype - tekið upp aftur.

## HVAÐ ER Í FRÉTTUM?

Kennari í Vífilsskóla í Garðabæ byrjaði á að nýta spjöldin í upplýsingaleit og miðlun. Á hverjum morgni var tekin lestrarstund og farið yfir fréttir dagsins og tekin umræða um þær.

Kennurum í Grunnskóla Önuðarfjarðar leist vel á þetta verkefni og ætla að hefjast handa við að nýta þetta í kennslu.

Væri gaman að sjá fleiri skóla stíga þetta skref líka :)

#Lestur #Upplýsingaöflun #Miðlun

Þriðjudagur 4. október 2016

[Forsíða](#)
[Ljómynðavefur](#)
[Ferðahomíð](#)
[Gestabók](#)
[Bloggið](#)
[Vefblöð](#)
[Um blaðið](#)
[Lofatölur](#)
[Sjónvarp](#)

[Vestfirskar fréttir](#)
[Íþróttir](#)
[Fólk](#)
[Aðsent efni](#)
[Ritastjórnargreinar](#)
[Veður og samgöngur](#)
[Stakkur](#)
[Fréttir](#)

**02.10.16** Bolvikingamessa og kirkjukaffi **09.10.16** Minningartónleikar um Sigríði og Ragnar H. Ragnar - Hjörleifur Valsson

bb.is » forsíða » vestfirskar fréttir

bb.is | 04.10.16 | 09:54

### Á fimmta tug mættu til svartra mótmæla

Í gær boðuðu konur í Pólandi til svartra mótmæla, er mótmælt var sérlega harðri í gegnum vegna föstureyðinga sem er í bígerð þar í landi. Tugir þúsunda komu saman í mótmælum í Pólandi, jafnframt því sem konur lögðu niður stórf málað sín til handa og má víða sjá afar öflug myndsköld frá ...

(\*) [Meira](#)

bb.is | 04.10.16 | 09:37

### Notkun öfrjórna laxa verði skoðuð í ráðuneytinu

Sjávarútvegsráðuneytið hefur kannað hugmyndir um að nota öfrjóra laxa í sjókvældi við Íslandsstrendur. Ekki hefur þó komið til að skilyrða leyfisveitingar við öfrjóra laxa. Þetta kemur fram í svari Gunnars Braga Sveinssonar, landbúnaðar- og sjávarútvegsráðherra, við fyrirspurn Steingríms J. Sigmundssonar, þingmanns VG í Norðausturkjördæmi. Aðferðin við að gera lax öfrjóan kallast ...

(\*) [Meira](#)

bb.is | 04.10.16 | 09:21

### Hvassviðri víða í dag

Spáð er hvassviðri eða stormi á vestanverðu landinu og á miðhlálandinu. Hvassast verður á norðanverðu Snæfellsnesi og á Streinu. Því væri ufa á milli hvassviðri

bb.is | 04.10.16 | 08:32

### Prófjör Ölinu kostaði 390 þúsund

Ólina Kjerulf Þorvarðardóttir, fráfarandi þingmaður, hefur sent frá sér uppgjör vegna prófjör Samfylkingarinnar í Norðvesturkjördæmi. Kostnaður við prófjör hennar nam 390 þúsund krónur. „Lögum samkvæmt ber framboðendum að skila skattinum kostnaðaryfirliti nema útgildi eða tekjur fari yfir 400 þúsund krónur. Svo var ekki í mínu tilviki en mér er ljúft og ...

(\*) [Meira](#)

bb.is | 04.10.16 | 07:33

### Skandall ef starfið verður ekki í útibúinu á Ísafirði

„Það væri skandall að koma þessu starfi ekki fyrir í útibúinu á Ísafirði. Hér væri það í nálægð við öflugt starf á þessu sviði í Háskólastræt Vestfjarða og í nálægð við fyrirtæki og fræðimenn á ...

## Öppin

Þó svo að fókusinn sé ekki á tiltekin öpp þá eru þau mikilvægur þáttur eftir að markmið hafa verið sett og fókusinn stilltur.

Í viðræðum við kennara komu upp hugmyndir um að efla notkun á **Garageband** og **Pages** til að styðja betur við skapandi framsetningu verkefna og nýta hreyfanleika tækisins betur með **Photos** og **iMovie**.

Það komu einnig upp hugmyndir um að nýta **Snapchat** fyrir hina ýmsu fræðslu og setja upp reikning í nafni skólans til að fylgjast með þekktum snapp-rásum.

**Duolingo** er einnig app sem hugur er fyrir að nota markvisst í skólanum til að efla tungumálafærni.

## Hvað nota nemendur!

Eftir spjall við nemendur kom í ljós að efla mætti markvissa notkun með nemendum í 9.bekk og fara betur yfir hvað hægt sé að nýta tækið í til að halda utan um námið og efla færni í námsgreinum. Einnig komu ábendingar frá nokkrum nemendum um að nýta mætti tækið betur til að gera Samfélagsfræði, Stærðfræði og Íslensku skemmtilegri.

| Öppin       |                                                                                               |
|-------------|-----------------------------------------------------------------------------------------------|
| 9.bekkur    | Notes - Skila síðan texta inn í Mentor<br>iMovie - Verkefnavinna                              |
| 5.-7.bekkur | Hungry Cat<br>iMovie<br>Google Translate<br>Duolingo<br>Box Island<br>Quiver Vision<br>Safari |

## DÆMI UM NOTKUN Á SNAPCHAT

Það væri hægt að hafa samverustund og horfa á sögur/snöpp dagsins og fræðast í leiðinni og taka umræðu í lokin.

Dæmi sem kom til umræðu var "Hinseginleikinn" þar sem mismunandi persónur sjá um snappið á hverjum degi og segja frá sér og sínu lífi.

Einnig er til snapchat rás sem heitir "sjukdomur" eða Lífið mitt á Snapchat. Lífið mitt fjallar um sjúkdóma og fatlanir og er tilgangurinn að vera fræðandi um ýmsa sjúkdóma og fatlanir og auka skilning og samkennd.






## Staðan - Forritun & FabLab

Farið var yfir stöðuna á innleiðingu á forritun í skólanum og tengingu við FabLab.

Það hefur verið eitthvað um kennslu í **forritun** en þó ekki markvissa og mun sameiginleg áætlun um innleiðingu á forritun í Ísafjarðarbæ koma til með að vera mikill stuðningur hér á bæ.

**Makey Makey** græjurnar hafa ekki verið teknar í notkun enn og því mikilvægt að kippa því í liðinn og koma notkun markvisst inn í kennslu.

Það var einstaklega gaman að sjá hvað skólinn er að nýta sér FabLab tímana og veita nemendum tækifæri á að sjá hönnun í t.d. **IncScape** eða **SketchUp** vakna til lífsins. Það er enginn starfsmaður frá FabLab á staðnum meðan á heimsókn stendur og því algjörlega undir kennara komið. Ég tel að það sé þörf á að taka púlsinn á kennurum hérna og kanna hvort þeir myndu ekki vilja fá uppfærslu í þessum efnum.




### EVROPSKA FORRITUNARVIKAN

Skólinn ætlar að taka þátt og vera með eftirfarandi viðburði:

17. Október = Eldri nemendur kynna sér og forrita í appinu "The Foos" í 2 klst.

19. Október = Eldri nemendur aðstoða yngri nemendur við að forrita í "The Foos" í 2 klst.



*Save-the-date*  
**EU Code Week 2016**  
15-23 October 2016

[codeweek.eu](http://codeweek.eu)

## Minecraft bækurnar

Ísafjarðarbær fjárfesti í tveimur bókum að hverri sinnar tegundar en um er að ræða fjórar mismunandi bækur á íslensku.

Það lifnaði aldeilis yfir hópnum þegar Minecraft bækurnar komu í hús og ekki vantaði áhugann á þessum bæ.

Hérna er tilvalið að nota iPadinn til að varpa upp mynd af bók gegnum apple TV til samlestrarstundar með þeim yngstu. Kennari fylgir stað með fingri og nemendur sjá myndirnar samhliða. Þessi leið er mikið notuð í skólastofum í Bandaríkjunum með mjög góðum árangri.

Fyrir eldri nemendur geta þeir bæði unnið verkefni samhliða bókalestrinum, skrifað um upphalds Minecraft fígúruna sína og eða leyst stærðfræðiverkefni út frá byggingamarkmiðum.

Sem sagt Minecraft býður upp á endalausa möguleika þegar kemur að námi.



### DAGUR LÆSIS 8. SEPT 2016

Í tilefni af degi læsis fjárfesti Ísafjarðarbær í Minecraft bókum á íslensku til að leggja sitt af mörkum til að efla áhuga á lestri út frá áhugasviði. Og hver elskar ekki Minecraft :)

